

# Hverfisnefnd Naustahverfis

## 45. fundur, 20. nóv. 2012

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 21:00

Mættir: Bjarni Sigurðsson, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Ómar Ívarsson, Sveina Björk Jóhannesdóttir og Gísli Rúnar Magnússon.

Gísli Rúnar Magnússon ritaði fundargerð.

### 1. Stjórnin skiptir með sér verkum

Þar sem um fyrsta fund nefndarinnar frá aðalfundi er að ræða, er fyrsta mál á dagskrá að stjórnin skipar með sér verkum. Verkaskipting næsta árið er á þann veg:

Bjarni Sigurðsson – formaður

Anna Sjöfn Jónasdóttir – varaformaður

Gísli Rúnar Magnússon – ritari

Ómar Ívarsson

Sveina Björk Jóhannesdóttir

Varamenn:

Ásdís Birgisdóttir

Claudia Lobindzus

### 2. Erindi frá íbúum í nágrenni Brekatúns 2, vegna framkvæmda við Brekatún 2

Höfum meðtekið erindið, en aðhöfumst ekki meira að svo stöddu. Erindið fjallar um áhyggjur íbúa af jarðvegssigi þegar framkvæmdir við blokkina hefjast.

### 3. Erindi frá Hallgrími Friðriki Sigurðarsyni vegna aksturs vörubíla um hverfið

Erindi mótttekið. Stjórnin tekur undir þessar áhyggjur Hallgríms og skorar á bæjaryfirvöld að benda verktökum á að þegar um mikla jarðvegsflutninga á stórvirkum bílum og vinnuvélum er að ræða í grennd við skóla og leikskóla, þá stilli þeir akstri í hóf þegar mest umferð skólabarna er til og frá skólunum. Einnig að þeir séu ekki að þræða íbúðagötur „að óþörfu“ til að komast úr hverfinu. Bjarni tekur málið fyrir á fundi í framkvæmdaráði.

### 4. Erindi frá Ágústi skólustjóra Naustaskóla um bílastæðavandamál við Naustaskóla og Naustatjörn

Erindi mótttekið. Nefndin tekur undir þessar áhyggjur. Nefndin hefur fyrr á árinu sent inn erindi vegna þessa á framkvæmdadeild. Reynum næst að senda erindi á fasteignir Akureyrarbæjar. Gott væri ef t.d. væri hægt að setja upp bráðabirgðastæði fyrir starfsmenn.

### 5. Snjómokstur

Rætt um snjómokstur í hverfinu. Menn misjafnlega sáttir við moksturinn til þessa.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið.